

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

MARS 2016



3. tbl. 19. árg.

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

FÁÐU FORSKOT
MEÐ FLOTTRI ÍMYND

VEFSÍÐUR • GRAFÍSK HÖNNUN
PRENTVÖRUR • AUGLÝSINGAR

Kíktu á
www.viskaehf.is

VISKA



Glæsilegur hópur krakka sem munu fermast í Neskirkju í kringum páskana.

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

SKAFENNINGUR

HIMNASENDING?

HAPPA
PRENNAN

Skemmtilegt að skafa!

„Hálf“ knatthús, stærra íþróttahús og stórbætt félagsaðstaða

Hugmyndin er að koma „hálfu“ knatthúsi eins og þekkt víða hjá öðrum íþróttafélögum á KR svæðinu í Vesturbænum.

Enn fremur er ætlunin að bæta og stækka íþróttahúsið til að mæta fjölgun iðkenda og loks að bæta félagsaðstöðuna sem er mjög mikilvægt. Unnið er að margvíslegum undirbúningi og segir Gylfi Aðalsteinsson formaður KR að gera megi ráð fyrir að

síðsumars á þessi ári verði hægt að kynna hugmyndir um uppbyggingu á KR svæðinu. Gylfi segir að þessi vinna taki sinn tíma, breyta þurfi deiliskipulagi og alltaf sé vandi að koma fyrir mannvirkjum eins og KR þarfnist fyrir þéttri íbúðabyggingu. Rætt er við Gylfa á bls. 6 og þar er einnig sagt frá skýrslu sem birtist á fotbolti.net á 117. ára afmælisdegi félagsins 16. febrúar þar sem fjallað er um aðstöðu til fótboltaíðkunar á félagssvæði KR.

RÉTTSKIL
BÓKHALDSSKRIFSTOFA

Ársreikningar Skattframtöl
Launaútreikningar o.fl.

Sími: 6600583 • 6966714
Rettskil.is



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Nautakjötstilboð!

Íslenskt ungnautakjöt úr kjötborði

Melabúðin
þín verslun

 Sími 551-0224

helgina 17. - 20. mars
- meðan birgðir endast



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
3. tbl. 19. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

Rofar til hjá KR

Vesturbæjarblaðið fjallar að þessu sinni nokkuð um málefni KR. Á afmælisdegi félagsins fyrr í vetur birtist grein á vefnum folbolti.net þar sem ýmsar hugmyndir eru reifaðar um hvernig bæta megi aðstöðu félagsins. Í greininni eru ýmsar snjallar hugmyndir að finna en spyrja má hversu raunhæfar þær eru allar auk þess sem þær snúa eingöngu að fótboltanum.

Blaðið ræðir við Gylfa Aðalsteinsson formann KR um framtíðaráform félagsins. Í máli hans kemur fram að unnið sé að ýmsum hugmyndum með borgaryfirvöldum og sumar þeirra snerti skipulagsmál. Einnig sé vandaverk að skipuleggja félagssvæði fjölmenns íþróttafélags sem starfar í 13 deildum inni á þéttbyggðu íbúðasvæði. Þarna þurfi margs að gæta en vonandi verði farið að sjá til lausna á komandi hausti.

Margt má bæta í umferðinni

Fyrir nokkru kom út skýrsla um umferðamál í Vesturbænum unnin að undirlagi borgaryfirvalda og Íbúasamtaka Vesturbæjar. Við lestur hennar er ljóst að margt má betur betur fara einkum hvað snertir öryggi vegfarenda. Vöntun er á gangbrautum og betri aðstöðu fyrir gangandi fólk. Þá er Vesturbærinn skorinn af fjölförnum umferðargötum sem vandséð er hvernig léttu má umferð af nema með miklum tilkostnaði.

Þétting byggðar er almennt af hinu góða en henni fylgir fleira fólk og meiri mannaferðir hvort sem fólk fer um gangandi, á reiðhjólum eða í bílum. Meiri áhugi virðist fyrir bíllausum lífsstíl nú en verið hefur. Hvað sem sveiflum á áhugasviðum fólks liður er ljóst að einkabílnum verður ekki útrýmt – hvorki í Vesturbænum, á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar hér á landi. Til þess nægir að nefna náttúrulegar aðstæður; veðurfar, vegalengdir og fámenni sem stendur illa undir öflugum almenningssamgöngum.

Margt má þó lagfæra og benda skýrsluhöfundar á ýmis atriði þar sem unnt er að gera betur án þess að umbylta samgönguæðum bæjarhlutans. Hugsanlega kann sá tími þó að koma að grafa þurfi stofnbrautir í jörð og er þá einkum horft til Mýrargötu og hluta Hringbrautar. Ólíklegt er að af slíku verði á næstu árum en tími er kominn til að snúa sér að minni framkvæmdum.



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar
Bíla- og bátarafmagn
Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Deilt um kynningar og gjafir

Borgarráð hefur samþykkt nýjar reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi. Með nýjum reglum er liðkað fyrir kynningum á æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga, sem hluta af námi þeirra. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu tillögunnar og lögðu fram bókun þess efnis að í reglunum ætti að vera heimild fyrir íþrótt- og æskulýðsfélög til að kynna starfsemi sína í grunnskólum borgarinnar.



Hjólaleigur í Reykjavík

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar hefur fengið heimild borgarráðs til þess að auglýsa í forvali eftir áhugasömum fyrirtækjum um rekstur hjólaleigu í Reykjavík. Í frétt frá Reykjavíkurborg kemur fram að hjólaleigur hafa tryggt sér sess í fjölmörgum borgum erlendis, sem leggja áherslur á vistvænar samgöngur. Tilgangur þeirra er að veita fólki aðgang að hjóli fyrir ferðir sínar innan borgarmarkanna. Sagt er að góð reynsla sé komin á rekstur hjólaleiga víða um heim. Á Norðurlöndunum eru t.d. tveir stórir aðilar sem hafa sérhæft sig m.a. í rekstri hjólaleiga þar sem leiga hjóla og auglýsingar standa undir fjármagnskostnaði og rekstri.

Sýning á náttúru Íslands í Perlunni

Vegleg sýning á náttúru Íslands verður sett upp í Perlunni í Öskjuhlíð. Það er fyrirtækið Perla norðursins sem lagt hefur fram ítarlegar og vel útfærðar hugmyndir um slíka sýningu í húsinu. Borgarráð hefur falið skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg að ganga til samninga við Perlu norðursins ehf um leigu á Perlunni en

fyrirtækið hyggst setja upp veglega náttúrusýningu í húsinu.

Kvosin ekki sjoppuleg

Haft var eftir Degi B. Eggertsyni borgarstjóra í blaðaviðtali á dögunum að hann vildi vara hvern og einn, sem er í ferðaþjónustu og í markaðssókn gagnvart ferðamönnum við því að fara klína stórum límmiðum um ódýrasta hamborgarann í rúðurnar og Benidormvæða miðborg Reykjavíkur eða gera hana sjoppulega. Dagur sagði fólk ekki vilja fara til borga þar sem séu bara hótél og túristabúðir. Þess vegna sé búið að stöðva fleiri hótélbyggingar í Kvosinni og í athugun sé að setja hótélkvóta á Laugaveg og Hverfisgötu. Nú sé verið að beina hótéluppbyggingu upp með Suðurland-sbraut og inn á Grensásveg.

Matarhöll á Hlemmi

Matarhöll verður opnuð á Hlemmi í haust en skrifað hefur verið undir samstarfssamning um rekstur hennar. Hlemmur mun einnig áfram verða mikilvægur tengipunktur í leiðakerfi Strætó og farþegar munu njóta bættrar þjónustu. Haukur Már Gestsson og Bjarki Vigfússon framkvæmdastjórar mathallarinnar segja að Hlemmur - mathöll verði opin daglega og þar verði bæði hægt að kaupa matvörur og njóta veitinga á staðnum.

Grettisgata 4

Veitt hefur verið leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús með sjö íbúðum, steinsteypt, einangrað að utan, múrað og flísalagt að hluta á lóð nr. 4 við Grettisgötu.

Grettisgata 64

Samþykkt hefur verið að koma megi fyrir í rými 0103 húðflúraðstöðu í húsinu á lóð nr. 64 við Grettisgötu þar sem áður var herbergjaleiga.

Íbúðir og atvinnurými við Hlíðarenda

Sótt hefur verið um leyfi til að byggja steinsteypt fjögurra hæða fjölbýlishús með 40 íbúðum og

atvinnurýmum á jarðhæð á lóð nr. 4 við Hlíðarenda.

Færsla á inngangi við Laugaveg 1

Sótt hefur verið um leyfi til að færa inngang íbúðir þriðju hæðar niður á aðra hæð við Laugaveg 1.

Viðbygging við Laugaveg 23

Sótt hefur verið um leyfi til að byggja viðbyggingu og svalir við stigahús á Klapparstíg 31 og byggja viðbyggingu aftan við timburhús á Laugavegi 23, innrétta verslanir á jarðhæðum og skrifstofur og tvær íbúðir á efri hæðum húsa á lóð nr. 23 við Laugaveg.

Fjölbýlishús við Norðurstíg

Sótt hefur verið um leyfi fyrir byggingu þriggja íbúða steinsteypts fjölbýlishúss á fjórum hæðum með innbyggðum tveggja stæða bílskúr á lóð nr. 5 við Norðurstíg. Stærðir eru; fyrsta hæð 59 fermetrar, önnur hæð 99,1 fermetri, þriðja hæð 99,2 fermetri og fjórða hæð 71,7 fermetri eða samtals 329 fermetrar og 1.127,5 rúmmetrar.

Veitingahús við Skólavörðustíg 21A

Sótt hefur verið um leyfi til að innrétta veitingahús í flokki I fyrir 14 gesti og veitingastað í flokki II fyrir 42 gesti á 1. og 2. hæð og breyta skipulagi íbúða á 2. 3. og 4. hæð í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 21A við Skólavörðustíg.

Niðurrif við Tryggvgötu 14

Veitt hefur verið leyfi til að rífa hluta Tryggvagötu 12, Tryggvagötu 14 og hluta við Vesturgötu 14, allt á lóð nr. 14 við Tryggvagötu.

Vonarstræti 4B – rífið innan úr bakhúsinu

Leyft hefur verið að rífa innan úr bakhúsum á lóðinni nr. 4B við Vonarstræti.

Vesturbæingar



Hálf-knatthús?
Við viljum heil-knatthús!

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Laugarnar í Reykjavík

Skelltu þér í sund um páskana

ARGREIÐSLUÍMI SUNDSTADA UM PÁSKA MÁ FINNA Á ITR.IS



Sími: 411 5000 • www.itr.is

Öflugri og fegurri hverfi

Hverfissjóður Reykjavíkur auglýsir eftir styrkumsóknum til verkefna sem stuðla að einhverjum eftirtalinni þáttum í hverfum borgarinnar:

- Bættu mannlífi og eflingu félagsauðs
- Fegurri ásýnd borgarhverfa
- Auknu öryggi í hverfum borgarinnar
- Samstarfi íbúa, félagasamtaka eða fyrirtækja við borgarstofnanir.

Hægt er að sækja um styrki til verkefna í einu eða fleiri hverfum eða almennt í borginni. Einstaklingar, hópar, félagasamtök og stofnanir geta sótt um.

Hámarksupphæð styrkja er 700.000 krónur.

Umsóknarfrestur er til miðnættis föstudaginn 15. apríl 2016



Nánari upplýsingar eru á vef Reykjavíkurborgar - www.reykjavik.is/hverfissjodur



FULLKOMIÐ SAMSPIL MATAR OG DRYKKJAR

Við erum stolt af rótum okkar og berum virðingu fyrir sögunni en leyfum okkur að skapa nýstárlega matarupplifun



Hringbraut hættuleg fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur

... Mikilvægt að grípa til aðgerða sem fyrst segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi

Vestanverð Hringbraut er einhver hættulegasti staður landsins fyrir óvarða vegfarendur og mikilvægt að gripið verði sem fyrst til aðgerða þar að sögn Kjartans Magnússonar borgarfulltrúa sem barist hefur fyrir úrbótum í umferðaröryggismálum við Hringbraut. Vísar Kjartan til þess að sextán skráð slys urðu á gangandi og hjólandi vegfarendum á þessum götukafli á átta ára tímabili, 2007 til 2014 eða tvö að meðaltali á ári.

Árið 2015 urðu hins vegar fjögur skráð slys á óvörðum vegfarendum við Hringbraut, þar af tvö með alvarlegum meiðslum að sögn Kjartans: „Þrjú þessara slysa urðu á gangbrautum á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu. Í janúar varð tólf ára gamall drengur fyrir sendibífreidd á umræddum gatnamótum en meiðsl hans urðu sem betur fer ekki alvarleg. Í október var ekið á ellefu ára gamlan dreng á reiðhjól á gangbraut við sömu gatnamót með þeim afleiðingum að hann fótbrotnaði. Í desember var síðan ekið á 66 ára gamlan mann

á sömu gangbraut. Í nóvember var ekið á mann á gatnamótum Hringbrautar og Birkimels og hlaut hann alvarleg meiðsl. Hvert slíkt slys er óviðunandi, hvað þá þessi slysafjöldi sem þarna er staðreynd,“ segir Kjartan.

Óskaði eftir greinargerð

Í október sl. óskaði Kjartan eftir því fyrir hönd borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að unnin yrði greinargerð um umferðaröryggi á vestari hluta Hringbrautar. Í greinargerðinni yrði farið yfir slysatölfræði brautarinnar og gerðar tillögur í því skyni að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Greinargerðin var lögð fram í byrjun febrúar og þar eru m.a. upplýsingar um slysatölfræði kaflans frá Bjarkargötu vestur að hringtorgi við Ánanaust frá 2007 til 2014.

20 slys á níu ára tímabili

Samkvæmt greinargerðinni urðu sextán slys á óvörðum vegfarendum (gangandi og hjólandi) á vegarkaflanum á umræddu tímabili eða að meðaltali tvö á ári. Tíu skráð slys urðu á gangandi vegfarendum á tímabilinu, þar af fjögur



Kjartan Magnússon borgarfulltrúi.

alvarleg. Sex slys eru skráð á hjólreiðamönnum á tímabilinu, þar af tvö alvarleg. Ljóst er að slysin gætu hafa verið fleiri þar sem ekki er víst að öll slys séu

skráð, sérstaklega ef þau eru ekki alvarleg. Þegar árinu 2015 er bætt við, er um að ræða tuttugu slys, þar af átta alvarleg.

**Borgarfulltrúar
ræddu meðal
annars tillögu
Sjálfstæðisflokksins
í borgarstjórn um
lagningu Sæbrautar
og Geirsgötu í
umferðarstokk
borgarstjórnarfund
sl. þriðjudag.**

Hraðakstur á Hringbraut

Í tengslum við greinargerðina voru gerðar hraðamælingar á tveimur stöðum við Hringbraut 25. janúar sl., annars vegar til móts við Elliheimilið Grund og hins vegar skammt norðan Meistaravalla. Lögbundinn hámarks hraði á báðum þessum stöðum er 50 km./klst. Niðurstöður hraðamælinganna voru þær að við Meistaravelli öku flestir ökumenn eða um 85% á 56 km. hraða á klukkustund og mældist mesti hraði þar 67 km./klst. Við Grund öku flestir ökumenn eða um 85% á 57 km. hraða á klukkustund og mesti hraði mældist 71 km./klst.

Gatnamót hækkuð

Í greinargerðinni segir að til að auka öryggi óvarinna vegfarenda sé vænlegast að draga úr hraða bifreiða og er lögð til breyting á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu í því skyni. Samkvæmt tillögunni verða gatnamótin hækkuð með sérstökum fláa fyrir akandi umferð, sem myndi draga úr hraðakstri. Einnig er lagt til að svokölluð mótlæg umferðarljós á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu verði fjarlægð þar sem komið hafi í ljós að vegfarendur taki rangar ákvarðanir með tilliti til þeirra og hefur það valdið slysum á gangandi vegfarendum eins og nýlegt dæmi sannar. Skoða má



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

við hreinsum fyrir þig

Alhliða fátahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADI fátahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

HRADI

**FERSKUR FISKUR
DAGLEGA**

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



önnur gatnamót á Hringbraut í þessu samhengi.

Aðrar aðgerðir, sem taldar eru koma til greina samkvæmt greinargerðinni, er lækkun hámarkshraða á Hringbraut úr 50 í 40 kílómetra hraða á klukkustund og að sett verði upp hraðavaraskilti á völdum stöðum.

Undirgöng góð lausn

Í nóvember 2014 lögðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að gripið yrði til aðgerða í því skyni að tryggja börnum og ungmennum örugga gönguleið yfir Hringbraut á kaflanum milli Melatorgs og Grandatorgs. Gerði tillagan ráð fyrir því að skoðaðir yrðu tiltækir kostir varðandi undirgöng annars vegar og göngubrú hins vegar og æskileg staðsetning slíks mannvirkis metin út frá gönguleiðum barna og ungmenna yfir Hringbraut. Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna féllust hins vegar ekki á tillöguna. Kjartan segir það miður í ljósi þeirrar hættu sem gangandi vegfarendum sé búin við Hringbraut.

„Á hverjum degi gengur fjöldi barna og ungmenna yfir Hringbraut á leið sinni í skóla og frístundastarf. Um sex þúsund manns búa í Gamla Vesturbænum en mestallt æskulýðsstarf í þágu hverfisins er sunnan Hringbrautar, KR, Frostaskjól, tónlistarskólinn Do re mi og skátafélagið Ægisbúar. Vesturbærinn er ekki eina hverfið í borginni, sem skorið er í sundur með fjögurra akreina stofnbraut, en í öðrum tilvikum sem það á við er börnum og ungmennum þó tryggð örugg gönguleið með göngubrú eða undirgöngum. Nýlega var t.d. opnuð göngubrú sem tryggir örugga gönguleið milli Norðlingaholts og Seláss eftir mikinn þrýsting foreldrafélaga í báðum þessum hverfum.“

Fjölgun íbúa hefur áhrif á umferð

Heyrst hefur að í Vesturbænum sé ekki hægt að koma fyrir göngubrú eða undirgöngum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur vegna þrengsla og fegurðarsjónarmiða. Kjartan er ósammála því og bendir á að víða erlendis hafi slíkum mannvirkjum verið komið fyrir með sómasamlegum hætti í jafnvel enn þrengri aðstæðum en við Hringbraut með góðum árangri: „Í skýrslu Mannvits um málið frá árinu 2009 er mælt með undirgöngum og bent á þrjár mögulegar staðsetningar við Hringbraut, t.d. við Bræðraborgarstíg. Stöðug framþróun er í hönnun slíkra mannvirkja víða erlendis eins og gefur að skilja. Með slíkum

undirgöngum væri a.m.k. tryggð ein örugg leið fyrir börn og ungmenni sem þurfa að komast leiðar sinnar yfir Hringbraut. Hraðaminnkandi aðgerðir á öðrum gatnamótum eru einnig af hinu góða en eru ekki nærri því eins öruggar og undirgöng. Mörg alvarleg slys má nefnilega rekja til annarra þátta en hraðaksturs. Í ljósi stefnu borgaryfirvalda um þéttingu byggðar í Vesturbænum á komandi árum má búast við stóráukinni umferð á Hringbraut og víða annars staðar í Vesturbænum. Sjálfstæðisflokkurinn telur brýnt að bregðast við því með því að gaumgæfa alla kosti sem orðið geta til þess að auka umferðaröryggi í hverfinu, ekki síst öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda,“ segir Kjartan Magnússon.

Frítt söluverðmat

Reynsla og vönduð vinnubrögð



Hringdu núna.

Davíð Ólafsson

Löggiltur fasteignasali

Sími: **897 1533**

david@fr.is



Fermingartilboð! Hágæða dúnsængur og koddar



DÚN & FIÐUR

Hreinsun og endurnýjun í yfir 50 ár

Laugavegi 86 • 101 Reykjavík
S: 511 2004 • E-mail: dunogfidur@dunogfidur.is
www.dunogfidur.is



Framtíðarreikningur

Við bjóðum góðar framtíðarhorfur

Á þessum tímamótum, þegar fullorðinsárin nálgast með öllu sínu sjálfstæði og spennandi tækifærum, er tilvalið að ræða hvernig sparnaður og fyrirhyggja í fjármálum geti best lagt grunn að bjartri framtíð. Okkur langar í því sambandi að benda á kosti Framtíðarreiknings Íslandsbanka sem ber hæstu vexti almennra, verðtryggðra innlánsreikninga og er bundinn til 18 ára aldurs.

Kynntu þér málið betur á islandsbanki.is eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

Börn á fermingaraltri sem kjósa að ávaxta 30.000 kr. eða meira á Framtíðarreikningi fá 5.000 kr. í mótframlag frá Íslandsbanka inn á reikninginn.*

*Gildir einu sinni fyrir hverja kennitölu þeirra barna sem koma ásamt forráðamönnum í útibú Íslandsbanka fyrir 1. júlí 2016.

islandsbanki.is

Netspjall

Sími 440 4000

Facebook



Íslandsbanki

Margt áhugavert að fréttu af umbótum á KR-svæðinu


... segir Gylfi Aðalsteinsson formaður KR

Ljóst er að framtíðaruppbyggingu KR svæðisins í Vesturbæ Reykjavíkur hefur dregist von úr viti. Um síðustu aldamót voru ýmsar hugmyndir á kreiki um framtíð KR svæðisins og uppbyggingu á aðstöðu fyrir starfsemi félagsins. Síðan þá hefur lítið gerst og ekki bolar enn á framkvæmdum þótt nokkur teikn virðist á lofti er snerta samvinnu íþróttafélagsins og Reykjavíkurborgar um skipulagsvinnu. Gylfi Aðalsteinsson formaður KR segir að margt áhugavert sé fréttu í sjálfu sér, nokkur umræða hafi farið fram um uppbyggingu svæðisins og margir sýnt henni áhuga.

„Meðal annars birtist grein á fotbolti.net þann 16. febrúar sl. á 117 ára afmæli félagsins sem sýndi áhugaverðar hugmyndir um skipulag KR svæðisins sem lúta að knattspyrnunni og er það virðingarvert. En það má ekki gleymast að KR er fjölgreinafélag með á þriðja þúsund iðkendur í 13 íþróttagreinum. Fyrir nokkru var samþykkt í borgarráði að KR og Reykjavíkurborg myndu fara í samstarf um skipulag á KR svæðinu.

Hvar er þessi vinna stödd í dag?

„Það er heilmikil vinna í gangi, í rúmt ár hefur verið starfandi byggingarnefnd sem í umboði aðalstjórnar hefur það hlutverk að koma með tillögur að uppbyggingu á KR svæðinu. Búið er að gera ákveðna þarfragreiningu á svæðinu með tilliti til þarfa félagsins. Það er ljóst að aðstaða okkar annar engan vegin eftirspurninni. Það er einnig ljóst að svo hægt verði að hefja uppbyggingu á svæðinu þarf að breyta deiliskipulaginu og við KR-ingar leggjum mikla áherslu á að það verði gert í fullri sátt við félagsmenn og íbúa í nágrenninu. Við höfum átt mjög gott samstarf við Reykjavíkurborg og bindum miklar vonir við það samstarf. En það getur verið ansi snúið að breyta skipulagi í grónu hverfi, sú vinna er tímafrek. Við höfum leitað til arkitektanna Bjarna Snæbjörnssonar og Páls Gunnlaugssonar, en þeir þekkja KR svæðið mjög vel, að koma að þessari vinnu. Enn fremur höfum við gert samning við Borgarbrag um nánari útfærslu á þeirri starfsemi og þjónustu sem hægt verður að bjóða upp á fyrir utan hefðbundna íþróttastarfsemi t.d. í dag er starfræktur



Þessi mynd sýnir hvernig svæðið gæti lítið út ef litlu knattshúsin í Kaplakrika væru byggð í Frostaskjólí. Mynd: Þórður Már Sigfússon

tónlistarskólinn Do re mí í félagsheimilinu, frístundastarf skólanna og frístundamiðstöðin Frostaskjól er einnig á svæðinu. Markmiðið með þessari vinnu er m.a. að gera reksturinn sjálfbærari en hann er núna.“

Hvað varðandi uppbyggingu á KR svæðinu er í forgangi? Og hvenær má sjá einhverjar hugmyndir verða að veruleika?

„Það má segja að það séu nokkur atriði, aðkallandi er að búa betur að vetraraðstöðu í fótboltanum. Hugmyndin er að koma fyrir á svæðinu okkar „hálfu“ knattshúsi eins og þekkist víða. Enn fremur þurfum við að bæta og stækka íþróttahúsið til að mæta fjölgun iðkenda og loks þarf að bæta félagsaðstöðuna sem er mjög mikilvægt. Það má reikna með að síðsumars ættum við að geta kynnt hugmyndir okkar um uppbyggingu á KR svæðinu. En þetta tekur sinn tíma og við viljum vanda okkur vel.“


Aðstaðan langtum verri en flestra íþróttafélaga

Í greininni á fotbolti.net sem Gylfi vitnar til segir meðal annars að aðstaða KR sé langt um verri en flestra íþróttafélaga hér á landi og einkum ef miða er við höfuðborgarsvæðið. Knattspyrnuhús eða yfirbyggðir fótboltavellir séu til staðar fyrir mörg félög og áform um fleiri byggingar af því tagi. Svo mikill sé aðstöðumunurinn þar sem hann er hvað bestur borin saman við aðstöðu á KR svæðinu að segja megi að himinn og haf


skilji þau svæði að. Í greininni kemur fram að ekkert hafi orðið úr neinum þeirra hugmynda sem ræddar voru um síðustu aldamót. Þar má nefna stækkun KR vallarins með tveimur viðbótarstúkum sem gera myndu að verkum að alls myndu um átta þúsund áhorfendur rúmast í sæti á vellinum og bygging knattspyrnuhúss á uppfyllingu við Örfirisey. Fyrir um þremur árum vöknudú hugmyndir um samstarf KR og húsnæðissamvinnufélagsins Búseta um uppbyggingu svæðisins þar sem gömlu skemmurnar sem kenndar eru við Sölusamband Íslenskra fiskframleiðenda eða SÍF standa. Þær hugmyndir byggðust á samnýtingu lóðarinnar fyrir niðurgrafið knattspyrnuhúss og um 70 íbúðir. KR dró sig hins vegar út úr þeirri samvinnu undir lok ársins 2014 þar sem þessi uppbygging myndi ekki henta félaginu eða koma til móts við þarfir þess til frambúðar.

Ekki tæmandi hugmyndabanki

Eins og Gylfi Aðalsteinsson bendir réttilega á fjallar greinin á fotbolti.is aðeins um fótboltahlutann í starfi KR og getur því ekki talist tæmandi hugmyndabanki fyrir það sem þörf kann að vera fyrir og í athugun er varðandi framtíð félagsins en fróðlegt verður að sjá afrakstur þeirrar skipulagsvinnu sem nú er í gangi fyrir svæðið.



Það þarf þó að byggja meira en stúku á svæðinu, kannski knattshús í fullri stærð. Knattshúsið á þessari mynd er í sömu stærð og Fifan í Kópavogi. Mynd: Þórður Már Sigfússon



KR-völlurinn með stúkur allan hringinn sem rúma um 7.500 manns í sæti. Knattshús í fullri stærð er síðan á milli keppnisvallarins og gervigrasvallarins. Mynd: Þórður Már Sigfússon.



Hvernig mun KR-völlurinn líta út í framtíðinni? Norðurstúkan samtengd knattspyrnuhúsi í fullri stærð. Mynd: Þórður Már Sigfússon.

„Ég er löggiltur fasteignasali og hef starfað við sölu fasteigna samfleytt frá árinu 1997“.

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111

SMÁRINN
FASTEIGNAMIÐLUN

Tvö lúxushótel með sögulegu ívafi byggð

Icelandair Hotels mun opna tvö ný hótél í Miðborg Reykjavíkur á næstu tveimur árum. Annað þeirra Iceland Parliament Hotel verður í Landsímahúsinu gamla við Austurvöll og hitt Reykjavík Consulate Hótel verður við Hafnarstræti. Þetta er afrakstur samkomulags Icelandair Hotels og Hilton Worldwide um samstarf við hótél-rekstur í miðborg Reykjavíkur.

Iceland Parliament Hotel nafnið vísar til sögu lýðræðis á Íslandi er og nálægðar við Alþingi, elsta þjóðþing í heimi. Áformað er að setja upp safn um sögu lýðræðis á Íslandi á jarðhæð hótelsins, til að styrkja þá tengingu enn frekar.

Reykjavík Consulate Hotel í Hafnarstræti sækir heiti sitt í þá staðreynd að Detlev Thomsen, konsúll fyrir Þýskaland á 19. öld, tók á móti erlendum gestum í nágrenni hótelsins, líkt og faðir hans og afi gerðu á sínum tíma. Þar verður gamalli atvinnustarfishemi á svæðinu gerð skil, með því að upp-



Tölvumynd sem sýnir hvernig Iceland Parliament Hotel mun líta út eftir breytingar á gamla Landsímahúsinu við Austurvöll.

haflega kolasundið verður endurgert og mun ganga í gegnum hótelið. Icelandair Hotels hafa átt í samstarfi við við Hilton International frá árinu 2007 þegar Hilton Reykjavík Nordica var opnað.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



Finndu okkur á
Facebook

Sjöfn Har sýnir í Gallerí Vest

Litir og form nefnist listsýning sem Sjöfn Har opnar í Gallerí Vest við Hagamel laugardaginn 2. apríl kl. 16.00. Sjöfn Har er löngu kunnur myndlistarmaður og hefur bæði rekið vinnustofur og á fjölda sýninga að baki. Að þessu sinni sýnir hún olíumálverk sem hún hefur unnið á síðustu árum.

Litir og form hafa lengi verið henni hugleikin og mörg verka hennar einkennast af sterkum litum og kröftugum formum. Litrík verk verða á sýningunni í Gallerí Vest þar sem sjá kunnugleg stef í bland við nýjar tilraunir Sjafnar. Sjöfn er afkastamikill myndlistarmaður og eru hátt í 2000 myndverk eftir hana í einkaeigu hér á landi og í 30 öðrum löndum en hún hefur einnig unnið veggmyndir, skúlptúra, gler og leirverk. Sýning Sjafnar stendur yfir í einn mánuð eða til 2. maí.



Sjöfn Har við nokkur verka sinna.

Graenir SKÁTAR

– gefðu okkur tækifæri!

Söfnunarkassar í Vesturbænum eru m.a. við:
Sundlaugina • Shell • Skátaheimili

Gefðu sparnað í fermingargjöf

Gjafakort Landsbankans er góð leið til að gefa sparnað í fermingargjöf. Ef fermingarbarnið leggur 30.000 krónur eða meira í sparnað hjá Landsbankanum greiðir bankinn 6.000 króna mótframlag. Þannig getur gjafakortið lagt grunn að góðum fjárhag.

Kortið kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst í útibúum Landsbankans. Kynntu þér sparnaðarleiðir fyrir fermingarbarnið á klassi.is.





Gleðilega páska

Þau eru tilbúin

Nú mega páskarnir koma því að Nóa páskaegginn eru tilbúin. Og vitið þið bara hvað? Við vonduðum okkur alveg sérstaklega í ár, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Bæði gómsæta súkkulaðiskelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Ekki ryðjast — það er nóg til fyrir alla.



facebook.com/noisirius



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Súkkulaðið okkar inniheldur kakó sem framleitt er á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Það stuðlar að betri lífsskilyrðum og aðbúnaði starfsfólks.

Margt má betur fara í Vesturbæjarumferðinni

Út er komin skýrsla um umferðaröryggi í Vesturbænum í Reykjavík. Skýrslan er unnin fyrir Reykjavíkurborg með styrk úr Forvarnarsjóði Reykjavíkur og með frjálsum framlögum skýrsluhöfunda og Íbúasamtaka Vesturbæjar. Höfundar skýrslunnar eru Birgir Þröstur Jóhannsson arkitekt og Gunnar Haraldsson hagfræðingur. Birgir er með MA í arkitektúr frá La Cambre í Brussel þar sem sérsvið hans var arkitektúr, hugmyndafræði, rannsóknir og borgarskipulag. Í skýrslunni er að finna mikinn fróðleik og einnig margvíslegar ábendingar frá íbúum Vesturbæjarins um hvað betur megi fara í umferðarmálum borgarhlutans.

Þeir Birgir og Gunnar benda á margt sem betur megi fara í Vesturbænum. Engin gönguljós né gangbrautir eru yfir Geirsgötu og Ánanaust og ljóst að margir veigra sér við að fara yfir þær götur. Fólk sem tók hefur á segist frekar fara á bíl í stað gangandi yfir þessar götur vegna hættunnar. Það er mikil nauðsyn fyrir íbúa að þeir og börn þeirra komist nokkuð hættulaust yfir þessar stofnbrautir. Íbúar þurfa iðulega að komast í skóla, íþróttaaðstöðu, verslanir og þjónustu sitt og hvað hinum megin við þessar stofnbrautir. Brýnt er að laga þetta sem fyrst því mannlíf eru í hættu og hræðsla við þessar götur heftar eðlilegar góðar samgöngur.

Takmarka rútufurðir og olíuflutninga í rör

Þeir benda á að í götum utan Hringbrautar vantar oft gangbrautir og frágang fyrir virka samgöngumáta á gatnamótum. Talsvert sé um hraðakstur á löngum breiðum götum og það vanti sérlausnir við KR-heimilið og við grunnskólana. Í gamla Vesturbænum eru áhyggjur af stóru ferðaþjónustubílum og af olíubílum á Geirs- og Mýrargötu. Þeir benda á að athuga þurfi hvort ekki ætti að banna akstur rútubífreiða í húsagötum innan Hringbrautar, fyrir utan þjónustu við skóla. Fyrir íbúa þyrfti að gera breytingar og setja takmörkun á olíubíla þannig að þeir aki síður Mýrargötuna. Þeir benda á skoðanakönnun meðal fyrirtækja við höfnina sem gerð fyrir Faxaflóahafnir var 2013 sýndi að forsvarsmönnum ákveðna fyrirtækja er meinilla við olíubíla, telja þá hættulega og töldu ráðleggra að vísa þeim annað. Íbúasamtök Vesturbæjar hafa óskað eftir því við borgaryfirvöld að skoða möguleika á því að setja olíurör frá Örfirisey út í Sundahöfn,



Engin gönguljós né gangbrautir eru yfir Geirsgötu og Ánanaust.

Þannig að það sé hægt að fylla á olíubílana þar og losna við alla gegnumkeyrslu þeirra í gegnum miðborgina. Einnig má minna á tillögu sem samþykkt hefur verið í borgarráði að farið verði að huga að annarri staðsetningu fyrir olíugeymana sem nú eru í Örfirisey. Íbúum Vesturbæjarins var boðið að koma með ábendingar varðandi hættuleg svæði í hverfinu gegnum Facebook-síðu Íbúasamtaka Vesturbæjar. Voru íbúar hvattir til að koma ábendingum sínum á framfæri. Þrátt fyrir að ekki sé um að ræða vísindalega hannaða skoðanakönnun er engu að síður um að ræða tilraun til að fá upplýsingar.

Bæjarhlutar slitnir í sundur með bílaumferð

Í niðurlagi skýrslunnar segir að hinir ýmsu hlutar Vesturbæjar séu slitnir í sundur vegna bílaumferðar. Brýna nauðsyn beri til að tengja þá saman með því að gera virkum samgöngumátum hærra undir höfuð í skipulagsframkvæmdum. „Til þess að fylgja hugsuninni eftir þá þarf að ráðast í verkin og aðlaga umhverfið að þörfum hins óvarðar vegfaranda. Sú hugmynd sem hefur viðgengst í borginni til að fækka slysum, að fjarlægja sebrabrautir yfir stærstu göturnar því að akandi virða ekki fótgangandi. Þessi ákvörðun er ekki að virða rétt gangandi til að komast leiðar sinnar. Takast þarf á við farartálmána þannig að gangandi eigi réttinn og sé ekki í hættu. Lýsa upp gangbrautir á skýran hátt og lýsa upp götur og göngusvæði á viðeigandi hátt hugsuðum fyrir virka samgöngumáta.

Dómkirkjan helgiöld um bænadaga og páska



Skírdagur og föstudagurinn langi kallast **Bænadagar**. Á skírdag er þess minnst að Jesús stofnaði heilaga kvöldmáltíð. Föstudagurinn langi er dagurinn er Jesús var krossfestur. Sá dagur er ólíkur öllum dögum í kristninni, sorgardagur og djúprar kyrrðar. Páskarnir, upprisuhátíð frelsarans, er elst og mest allra kristinna hátíða, því upprisan er kjarni kristinnar trúar.

24. mars. **Skírdagur**, Messa kl. 11. Ferming. Karl Sigurbjörnsson biskup prédikar.

Kl. 20. Messa á **Skírdagskvöld**. Sr Sveinn Valgeirsson prédikar. Að lokinni messu verður Getsemanestund, ihugun og bæn meðan altarið er afklætt.

25.mars. **Föstudaginn langi**. Messa kl. 11. Sr. Hjálmar Jónsson.

27. mars **Páskadagur**. Hátíðarmessa kl. 8. Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, prédikar. Sr.Hjálmar Jónsson og sr. Sveinn Valgeirsson þjóna fyrir altari. Hátíðarmessa kl. 11. Sr. Hjálmar Jónsson.

6. apríl. **Annar í páskum**. Messa kl. 11. Karl Sigurbjörnsson, biskup.

Tónleikar

25. mars kl. 12:15 munu María Konráðsdóttir, sópran, Erla Dóra Vogler, mezzósópran og Sólborg Valdimarsdóttir, píanó flytja Stabat Mater eftir Giovanni Battista Pergolesi.

26. mars kl. 20:00 Endurreisnarlög John Dowland í útsetningu Hönnu Raniszewsku. Fram koma: Hanna Raniszewska, píanó, Álfheiður E. Guðmundsdóttir, sópran, Fjölur Ólafsson, barítón, Sólveig Vaka Eypórsdóttir, fiðla, Hekla Finnisdóttir, fiðla, Ásta Kristín Pjetursdóttir, víola og Þórdís Gerður Jónsdóttir, selló.

Alla þriðjudaga leikur Ólafur Elíasson Bach kl. 20:30-21:00

Sjá nánar um safnaðarstarfið á domkirkjan.is og á fésbókinni.

Athugið að þrjónakvöld marsmánaðar fellur niður, næsta þrjónakvöld 25. apríl.

Vertu velkomin í Dómkirkjuna um bænadaga páska.

Fermingar í Neskirkju vorið 2016

*Prestar Skúli S. Ólafsson og
Sigurvin L. Jónsson*

Laugardagurinn 19. mars kl. 11.00
Andri Finnsson, Flyðrugranda 8
Aníta Líf Aðalsteinsdóttir, Kaplaskjólsvégi 41
Arndís Anna Björgvinsdóttir, Birkimel 8a
Berglind Magnúsdóttir, Sörlaskjólí 15
Gunnar Steinþórsson, Öldugötu 11
Ída Margrét Stefánsdóttir, Tómasarhaga 43
Ísar Ágúst Kristjánsson, Vesturgötu 33
Jana Björg Þorvaldsdóttir, Tómasarhaga 19
Kristín Magnúsdóttir, Sörlaskjólí 15
Kristján Geir Arnarsson, Neshaga 11
Liv Karlsdóttir, Aflagranda 11
Magnús Már Magnússon, Sörlaskjólí 15
Margrét Edda Lian Bjarnadóttir, Ásvallagötu 56
María Vigdís Sánchez-Brunete, Grenimel 42
Salka Lára Guðbjartsdóttir, Hörpugötu 9
Sara Berglind Ómarsdóttir, Öldugranda 11
Sara Elísabet Na Guðmundsdóttir, Þrastagötu 10
Selma Lís Archer, Seilugranda 8
Sigurður Patrik Fjalarsson, Sörlaskjólí 66
Sindri Dagur Sindrason, Tjarnarmýri 10
Valdimar Daði Sævarsson, Flyðrugranda 10
Þórdís Anna Gunnarsdóttir, Skeljagranda 1
Þorsteinn Bragi Gíslason, Fossagötu 3

Laugardagurinn 19. mars kl. 13.30
Egill Smári Hlynsson, Grænumýri 22
Elín Andrea Káradóttir, Neshaga 9
Erna Benediktsdóttir, Fornhaga 19
Fanney Rebekka Ragnarsdóttir, Grenimel 15
Hildigunnur Haraldsdóttir, Hringbraut 92
Högn Hákonaardóttir, Skerplugötu 3
Hugi Einarsson, Ránargötu 5
Inga Birna Benediktsdóttir, Skildingatanga 1
Ísabel Pétursdóttir, Keilugranda 8
Ísak Örn Leifsson, Faxaskjólí 12

Magnús Óskar Guðnason, Tómasarhaga 45
Marianna Mist Steingrimsdóttir, Fornhaga 11
Ólafur Ívar Árnason, Lynghaga 8
Örnólfur Haraldsson, Hringbraut 92
Seimur Sindrason, Sörlaskjólí 62
Steinunn Þórðardóttir, Ægisíðu 113
Þórunn Anna Almarsdóttir, Tjarnarmýri 2

Annar í páskum 28. mars kl. 11.00
Benedikt Kristjánsson, Víðimel 46
Edda Sólveig Sigtryggisdóttir, Tómasarhaga 24
Esja Sigurðardóttir, Víðimel 35
Freyja Aþena Stefánsdóttir, Hagafllöt 7
Ingibjörg Þórunn Ingvadóttir, Melhaga 17
Selma Rebekka Kattoll, Tómasarhaga 51
Tómas Magnússon, Tómasarhaga 9
Uloma Lisbet Rós Osuala, Grenimel 27

Sunnudagurinn 3. apríl kl. 13.30
Ásdís Þóra Ágústsdóttir, Nesvegi 62
Bryndís Líf Bjarnadóttir, Einimel 11
Diljá Valdimarsdóttir, Seilugranda 5
Egill Ísar Árnason, Grenimel 17
Helena Júlía Steinarsdóttir, Sörlaskjólí 26
Hringur Kjartansson, Einarsnesi 56a
Kjartan Örn Styrkársson, Einarsnesi 8
Kristín Erla Johnson, Neshaga 8
Óðinn Birnir Waguespack, Reynimel 88
Ólafur Snorri Rafnsson, Aflagranda 21
Óli Gunnar Gestsson, Melhaga 15
Pandóra Riveros, Hjarðarhaga 50
Pétur Bjarni Einarsson, Víðimel 27
Saga Óskarsdóttir, Fossagötu 8
Sveina Rósa Sigurðardóttir, Seljavegi 29
Valur Yngvi Jónsson, Seilugranda 4
Þorgerður Katla Sigurðardóttir, Suðurmýri 54



Einarsnesi 36 • 101 RVK
Opið alla daga 9-23
www.bikecave.is • Erum á Facebook 
Sími: 770-3113

- **Ódýr og góður matur alla daga.**
- **Rómaðir vegan borgarar og vegan kokteilsósa.**
- **Nýr borgari - Lúxusborgari.**
- **5 tegundir af frönskum.**
- **Allt á matseðli er hægt að fá í takeaway.**
- **Happy hour alla daga 15-18.**
- **Alltaf næg bílastæði.**

OPID ALLA DAGA YFIR PÁSKAHÁTÍÐINA.
- VERIÐ VELKOMIN -



Vorið snýr aftur!



MANDUKA eKO fislétt!

Nú vilja margir taka eigin dýnu með til útlanda eða á fjöll. eKO superlite (fislétt) er aðeins 900 gr. Hægt að brjóta saman. Verð: 8900 kr.



FLOTHETTAN

– búðu þig undir gott sumar!

Hafðu með innanlands sem utan og njóttu frísins miklu betur. 3 litir.

Verð: 17.700 kr.



MÖNTRU ARMBÖND!

Fyrir fermingar, fullorðna, feður, mæður, dætur, syni, systur og bræður.

Margar gefandi möntrur/þulur/orð.

Verð: 6.500/7500 kr.



Lífræn & frönsk

Dr. Bach ilmvötn
6 tegundir.

Þyngri og léttari ilmir sem færa okkur vorið.

Frábær fermingargjöf.



Má bjóða þér drykk?

Viltu skot, þeyting, INDÍGÓ KAFFI, eða venjulegan, te, kakó, eða súpu?

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mjúkir mánudagar: 10-16
Þri. - fös.: 8.30 – 18.
Laugardagar: 10-16.

Frostaskjól fagnaði þrítugsafmæli

Frístundamiðstöðin Frostaskjól, hélt upp á þrítugsafmælið sitt miðvikudaginn 24. febrúar með heljarinnar skemmtidag-skrá þar sem boðið var upp á sýnishorn af frjóu frístundastarfi eins og uppstand, tónlistarflutning unglinga, barna og unglinga, sýningu á stuttmyndum sem börn á frístundaheimilunum hafa unnið.

Það voru margir margir velun-narar Frostaskjóls sem mættu í afmælisfögnuðinn og fengu sér afmælistöku, hittu mann og annan og hlýddu á skemmtileg atriði.

Hér má sjá nokkar myndir frá hátíðinni.

Frostaskjól hóf starfsemi í febrúar 1986 og starfaði fyrstu árin sem félagsmiðstöð með áherslu á forvarnarstarf. Starf-semin hefur undið upp á sig ár frá ári og nú starfa undir Frostaskjólí fjögur frístundaheimili, tvær félagsmiðstöðvar, ungmennahús ásamt því að Frostaskjól tekur þátt í viðamiklu hverfasamstarfi.

Frostaskjól byggir fagstarfið á sömu markmiðum og í upphafi; börnum og unglingum er boðið upp á fjölbreytt félags- og tóm-stundastarf með áherslu á for-varnir, heilbrigði og sterka sjálfs-mynd. Lýðræði, mannréttindi og



Gauti Einarsson, sigurvegari Frostheimar got talent.

Þátttaka er í brennidepli í öllu fagstarfi; barnaráð starfa á frístundaheimilum, miðstigsráð eru fyrir börn í 5. til 7. bekk grunnskólanna og í félagsmiðstöðvunum eru unglingaráð að störfum. Síðast en ekki síst starfar öflugt ungmennráð í Vesturbænum.

Starfseiningar Frostaskjóls eru félagsmiðstöðin Frosti, frístundaklúbburinn Tíu12, frístundaheimilin Undraland, Skýjaborgir, Selið og Frostheimar og félagsmiðstöðin Hofið sem þjónustar börn með fötlun vestan Elliðaáa. Starfsmenn eru 140, með fjölbreytta menntun og reynslu.



Afmælisterta Frostaskjóls.

Öll börn í 1. og 2. bekk og sjö af hverjum tíu í 3. til 4. bekk grunnskólans eru á frístundaheimilum í Vesturbænum.



Soffía Pálsdóttir, Kolbeinn Pálsson, Guðrún Kaldal, Ómar Einarsson, Kristinn Jónsson.



Hressir krakkar.



Frostaskjól afmælisgestir á öllum aldri.

Full búð af nýjum spennandi úrum



GULL-ÚRIÐ • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

Fjárstyrkir á vegum Hverfisráðs Vesturbæjar

Hverfisráð Vesturbæjar auglýsir hér eftir áhugasömum einstaklingum, stofnunum og félagasamtökum til að sækja um í sjóð ráðsins, en Hverfisráðið mun úthluta að hámarki 200.000 kr. þann 1. maí 2016. Umsóknnum skal skilað fyrir 1. apríl. n.k. í rafrænu formi til Harðar sem er verkefnastjóri í Vesturgarði á netfangið hordur.heidar.gudbjornsson@reykjavik.is

- Hér að neðan eru upplýsingar um reglur sjóðsins:
1. Markmið með styrkjum Hverfisráðs er að styrkja ýmis verkefni og starfsemi sem á einn eða annan hátt styður við eða stuðlar að ýmsum verkefnum og uppákomum í Vesturbænum.
 2. Hverfisráðið ákveður í sameiningu hvort viðkomandi umsækjandi fái þann styrk sem sótt er um.
 3. Árleg framlög eru að hámarki 400.000 kr. en úthlutað er úr sjóð ráðsins tvisvar á ári, 1. maí og 1. nóvember.

4. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 1. apríl og 1. okt. ár hvert og skal auglýsa opinberlega í hverfismiðlum Vesturbæjar þegar hægt er að sækja um í sjóðinn.
5. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af:
 - a) Markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð;
 - b) Hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf;
 - c) Hvort unnt sé að meta framvindu verksins.
6. Greiðslur úr sjóðnum verða greiddar út í einni greiðslu til viðkomandi aðila sem hljóta styrk hverju sinni.
7. Þeir aðilar sem fá úthlutað styrk skulu skila skýrslu um framvindu verkefnisins til verkefnastjóra í Vesturgarði í síðasta lagi ári eftir að styrkurinn er greiddur.
8. Hverfisráð getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín, en ráðið metur hvort þörf er á því hverju sinni.

Fermingar í Hallgrímskirkju 2016

Prestar sr. Sigurður Árni Þórðarson og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir.

Pálmasonnudagur, 20. mars kl. 11
Eva Livingstone, Spítalastíg 8, 101 Reykjavík

Annar í páskum, 28. mars kl. 11
Agnes Þóra Guðjónsdóttir, Eggertsgata 12, 101 Reykjavík
Axel Ólafsson, Háaleitisbraut 149, 108 Reykjavík
Ágúst Örn Börgeson Wigum, Grundarstíg 2, 101 Reykjavík
Elías Karl Einarsson, Balders vág 18, Knislinge, Svíþjóð
Ellert Blær Guðjónsson, Háaleitisbraut 45, 108 Reykjavík
Grímur Dagur Grímsson, Brekkugerði 32, 108 Reykjavík
Ingibjörg Embla Mín Jónsdóttir, Fjölnisvegi 6, 101 Reykjavík
Leonard Breiðfjörð Þorvaldsson, Haðarstíg 8, 101 Reykjavík



Tómas Sigurðarson, Laufásvegi 4, 101 Reykjavík
Valgerður Stefánsdóttir, Grenimel 8, 107 Reykjavík

Sunnudagurinn, 3. apríl kl. 11
Auður Eygló Andrésdóttir, Laufásvegi 42, 101 Reykjavík
Einar Björnsson, Auðarstræti 9, 105 Reykjavík
Einar Steinn Kristjánsson, Eskihlíð 10a, 105 Reykjavík
Maja Oledottir Markussen

Brekkugerði 9, 108 Reykjavík
Margrét Nina Geirsdóttir, Vitastíg 20, 101 Reykjavík
Matthildur María Magnúsdóttir, Kaplaskjólsvégi 41, 107 Reykjavík
Ólafur Friðrik Briem, Kringlan 19, 103 Reykjavík
Sara Dís Íshólm, Skaftahlíð 10, 105 Reykjavík
Sæunn Axelsdóttir, Bergstaðastræti 69, 101 Reykjavík
Þorgeir Sólveigar Gunnarsson, Grettisgata 18, 101 Reykjavík

1. maí 2016
Elín Ragnhildur Ragnarsdóttir, Hvassaleiti 75, 103 Reykjavík

Sunnudaginn 19. júní, Flatey á Breiðafirði
Filippía Þóra Jónsdóttir, Bergstaðastræti 66, 101 Reykjavík

DYMBILVIKA OG PÁSKAR Í HALLGRÍMSKIRKJU 2016

LAUGARDAGINN 19. MARS

14.00 PÉTUR OG ÚLFURINN eftir PROKOFIEV

Orgelleikari: MATTIAS WAGER frá Stokkhólmi
Sögumaður: HALLDÓRA GEIRHARÐSDÓTTIR leikkona
Aðgangseyrir: 2500 kr. / listvinir: 50% afsláttur – ókeypis fyrir börn.



PÁLMAUNNUDAGUR 20. MARS

10.00 "Upp upp mín sál"-fræðslustund um Passíusálmana. Mörður Árnason ræðir um Passíusálmana í tengslum við útgáfu sína 2015.

11.00 Messa með birkigreinum! Innreiðarinnar í Jerúsalem minnst. Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar ásamt sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttir og messuþjónum, Barna- og unglingakór Hallgrímskirkju syngur, stj. Ása Valgerður Sigurðardóttir, félagar úr Mótettukórnum syngja, orgelleikari Hörður Áskelsson. Barnastarf.

17.00 KROSSGANGA KRISTS- Le chemin de la croix eftir franska tónskáldið Marcel Dupré.

Orgelleikari: MATTIAS WAGER FRÁ STOKKHÓLMI
Lesari: SÓLVEIG SIMHA LEIKKONA
Verkið Le chemin de la croix eða Krossganga Krists samanstendur af 14 hugleiðingum um staðina sem Kristur stöðvaði á á krossgöngu sinni upp Golgatahæð. Byggir tónsmíðin á samnefndu ljóði eftir franska skáldið Paul Claudel, sem leikkonan Sólveig Simha flytur á frummálinu.

Aðgangseyrir: 2500 kr. / listvinir: 50% afsláttur



SKÍRDAGUR 24. MARS

17.00 SÖNGVAHÁTÍÐ BARNANNA

120 barna kór ásamt hljóðfæraleikurum flytja fjölbreytta kirkjusöngva. Mikil stemning og sveifla ríkir á þessum tónleikum og fyllist kirkjan ávallt af glöðum tónleikagestum á öllum aldri. Flytjendur: Unglingakór Hafnarfjarðarkirkju, stjórnandi Helga Loftsdóttir Graduale futuri, Langholtskirkju, stjórnandi Rósa Jóhannesdóttir Kórskóli Langholtskirkju, stjórnandi Bryndís Baldvinsdóttir Barnakór Seljakirkju, eldri og yngri deild, stjórnandi Rósalind Gísladóttir Barna- og unglingakór Hallgrímskirkju, stjórnandi: Ása Valgerður Sigurðardóttir Barnakór Ísaksskóla, stjórnandi: Ása Valgerður Sigurðardóttir ásamt hrynsveit og Klais-orgeli Hallgrímskirkju. Umsjón: Margrét Bóasdóttir, verkefnastjóri kirkjutónlistar á Biskupsstofu. Ókeypis aðgangur.



SKÍRDAGUR 24. MARS

20.00 MESSA / GETSEMANESTUND / FÖSTUTÓNLEIKAR SCHOLA CANTORUM

Kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum, heldur upp á tveggja áratuga afmælið með flutningi fagurrar kórtónlistar. Á dagskránni eru meðal annars verk eftir Tallis og Lotti og hið heimsfræga Miserere eftir Allegri. Tónleikarnir eru í beinu framhaldi af Getsemanestund kirkjunnar, þ.s. táknræn athöfn fer fram eftir að síðustu kvöldmáltíðarinnar hefur verið minnst og altari kirkjunnar verið afskrýtt. Prestur: Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Stjórnandi Hörður Áskelsson. Ókeypis aðgangur.



FÖSTUDAGURINN LANGI 25. MARS

11.00 HÁTÍÐARGUÐSPJÓNUSTA Á FÖSTUDAGINN LANGA.

Litania Bjarna Þorsteinssonar flutt. Prestur: Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur. Stjórnandi og organisti Hörður Áskelsson.



13.00 - 18.00 PASSÍUSÁLMAR HALLGRÍMS PÉTURSSONAR- HEILDARFLUTNINGUR

Í ár eru eftirtaldir lesarar úr röðum Mótettukórs Hallgrímskirkju fyrr og nú: Gísli Sigurðsson, Guðrún Hólmgeirsdóttir, Halldór Hauksson, Inga Harðardóttir, Svanhildur Óskarsdóttir, Ævar Kjartansson, Guðrún Finnbjarnardóttir, Elva Dögg Melsted, Snorri Sigurðsson og Gunnar Thor Örnólfsson. Umsjón: Svanhildur Óskarsdóttir og Ævar Kjartansson. Hörður Áskelsson og Björn Steinar Sólbergsson leika á Klais- orgelið milli lestra. Ókeypis aðgangur.



PÁSKADAGUR 27. MARS

8.00 OG 11.00 HÁTÍÐARMESSUR Á PÁSKADAG

Hátíðarmessur með prestum kirkjunnar og Mótettukór Hallgrímskirkju, sem flytur glæsilega hátíðatónlist tengda páskum, m.a. fornan helgileik úr Hólabók frá 1589 (kl. 8). Stjórnandi Hörður Áskelsson, orgelleikari Björn Steinar Sólbergsson. Prédikun: kl. 8 Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir; kl. 11 Dr. Sigurður Árni Þórðarson. Páskabarnastarf, umsjón Inga Harðardóttir.

Ensk messa kl. 14. Séra Bjarni Þór Bjarnason prédikar og þjónar fyrir altari. Organisti Björn Steinar Sólbergsson.



ANNAR PÁSKADAGUR 28. MARS

11.00 FERMINGARMESSA.

Dr. Sigurður Árni Þórðarson, sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Inga Harðardóttir cand. theol, Mótettukór Hallgrímskirkju syngur, Hörður Áskelsson leikur á orgel.



Bernskuminningar úr Vesturbænum

Björn Pétursson fyrrum skólastjóri í Melaskóla og KR-ingur rifjar bernsku- og æskuárin upp í Vesturbæjarblaðinu að þessu sinni. Björn er fæddur í Hlíðunum en flutti nánast nýfæddur með foreldrum sínum í Vesturbæinn. Hann flutti síðan á Seltjarnarnes þar sem hann kynntist eiginkonu sinni og hefur búið þar síðan. Tengsl hans við Vesturbæinn héldust engu að síður sterk þar sem Melaskóli hefur verið starfsvettvangur hans og er enn auk þess sem hann hefur bæði leikið fyrir og starfað mikið með KR í gegnum tíðina.

Er kominn heilan hring í Melaskóla

Ég bjó fyrstu tvo mánuði ævi minnar í Mávahlíðinni en síðan við Nesveginn í Vesturbænum -sem síðar varð Neshagi- eða þangað til að ég var tvítugur og flutti að heiman. Seltjarnarnes varð fyrir valinu vegna þess að þar voru heimahagar eiginkonunnar Katrínar Magnúsdóttur og það eru einu búferla flutningarnir mínir ef frá er talinn ferð foreldra minna úr Hlíðunum vestur á Nesveg. Nálægðin við Vesturbæinn er þó svo mikil að ég er enn sami Vesturbæingurinn svona innra með mér enda hef ég starfað þar alla tíð í næsta nágrenni við æskuheimili mitt.

Ég segi stundum til gamans að ég sé kominn heilan hring í Melaskóla. Þar hófst skólaganga mín. Ég varð síðar kennari við skólann til margra ára og eftir það aðstoðarskólastjóri og síðar skólastjóri. Þegar ég lét af skólastjórn fyrir bráðum þremur árum hef ég starfað sem skólaliði við skólann. Mér hefur alla vega ekki tekist að slíta mig frá Melaskóla. Eða Melaskóla að losa sig við mig! Eru það ekki sterk teikn um Vesturbæinginn í mér.

Á Hagavellinum öll kvöld

Ein af fyrsta minningum mínum af Nesveginum var að hann var ekki malbikaður. Það var gert um 1960 og ég man vel eftir þeim framkvæmdum. Þar sem íþróttahús Hagaskóla stendur nú var autt grassvæði og þar kom strákahópurinn saman á kvöldin til þess að spila fótbolta. Öll kvöld vorum við að spila fótbolta á þessu fína svæði. Vor, sumar og haust og jafnvel á veturna. Við vorum á öllum aldri. Byrjuðum þegar við gátum sparkað og héldum áfram a.m.k. fram á unglingsárin. Flestir strákarnir eru mér minnisstæðir en sennilega þó enginn eins og Sigtryggur heitinn Sigurðsson glímukappi sem átti heima á Melhaga. Hann lét sig aldrei vanta. Þá man ég að Ómar Ragnarsson kom líka stundum. Við vorum stundum svo lengi fram eftir einkum á sumrin í miðnætursólinni að við áttum spjall við fólk sem var á heimleið af balli á Hótel Sögu og fór ágætlega á með okkur.

Samofin sögu Melaskóla

Saga mín er samofin sögu Melaskóla. Hún nær yfir 43 ár. Fyrsta minning mín um skólann er þegar ég fór sjö ára gamall með móður minni að hitta kennara sem átti stutt spjall við okkur. Eftir spjallið vildi kennarinn prófa mig aðeins. Hún var með bókstafina á blaði og ég átti að segja henni hvað þeir

hétu. Mér gekk ágætlega þar til kom að litlu g-i. Það var aðeins afbrigðilegt eða óvenjulegt í forskriftinni og ég var ekki alveg klár á því. Þetta varð til þess að ég var settur í tossabekk fyrsta veturinn. Svona var þetta í þá daga.

Ég var þó nokkuð fljótur að ná tökum á lestrinum og varð tíður gestur á skrifstofu skólans þennan fyrsta vetur til að fá nýjar og nýjar lestrarbækur. Til gamans má segja frá því að einum fjórum áratugum síðar varð ég - sem aðstoðarskólastjóri - næsti yfirmaður þessa ágæta kennara sem valdi mig í tossabekkin. Við kenndum líka saman til margra ára; urðum ágætis vinir og rifjuðum oft upp þessi fyrstu kynni okkar.

Í bekk hjá Auði Eydal

Eftir fyrsta skólaárið var ég settur í annan bekk sem Auður Eydal kenndi og var hjá henni allt til þess að ég útskrifaðist úr Melaskóla og fór yfir í Hagaskóla. Með mér í bekknum hjá Auði má meðal annarra nefna Ívar Gissurarson, bókaútgefanda, sem m.a. gaf út "Melaskólabókina" á 60 ára afmæli skólans árið 2006, Pál Baldvin Baldvinsson rithöfund með meiru, Árnýju Erlu jarðfræðing eiginkonu Össurar Skarphéðinssonar og Steingrím Ara Arason forstjóra Sjúkratrygginga.

Það er gaman að geta sagt frá því að löngu síðar - þegar ég



6-F ásamt Auði Eydal umsjónarkennara árið 1966. Björn Pétursson er þriðji frá hægri í efstu röð.

var orðinn kennari í Melaskóla - kom Auður til mín sem foreldri á foreldrafundi því ég kenndi syni hennar í nokkur ár.

Átti góðar samræður við nafna minn


Úr Melaskóla lá leið mín

yfir í Hagskólann eins og leið nemenda í Vesturbænum liggur enn þann dag í dag. Nú finnst mörgum krökkum nokkurt mál að skipta um skóla en fyrir mér var þetta bara tilhlökkun. Við skólann kenndu ýmsir mætir menn og þekktir í þjóðfélaginu. Þeirra á meðal voru Jón Baldvin

Hannibalsson og Hörður Bergmann. Viðar Símonarson var íþróttakennari við skólann þegar ég var nemandi þar. Ég spilaði handbolta gegn honum sem KR-ingur þegar ég var sextán ára og enn nemandi í Hagaskóla en hann spilaði þá með Haukum úr Hafnarfirði og við urðum góðir mátar þótt annar væri kennari en hinn nemandi. Svo var auðvitað Björn nafni minn Jónsson sem lengi var skólastjóri í Hagaskóla. Við ræddum oft saman í trúnaði um eitt og annað sem snerti okkur nemendur og annað sem skólanum tengdist. Svo lá leiðin í Kennaraskólann þaðan sem ég



Reykjavíkmeistarar III. flokks í handknattleik 1968. Efri röð frá vinstri: Einar Sæmundsson, Björn Pétursson, fyrirliði, Steinþór Guðbjartsson, Guðmundur H. Guðmundsson, Gunnar Guðmundsson, Jakob Möller og Gunnar Hjaltalín, þjálfari. Neðri röð frá vinstri: Áskell Fannberg, Grétar Guðmundsson, Karl Björnsson, Ívar Gissurarson, Þorvarður Guðmundsson, Atli Þór Héðinsson, Ásmundur Guðjónsson og Haukur Hauksson.



Björn Pétursson á unglingsárum.



6-D ásamt Birni Péturssyni umsjónarkennara árið 1979.

lauk stúdents- og síðan kennara-
prófi eins og gert var í þá daga.

Aftur í Melaskólann

Ég kom aftur í Melaskóla 1977 eftir 11 ára fjarveru og þá sem kennari. Ingi Kristinsson var þá skólastjóri og réði mig til kennslu við skólann og ég er þar enn búinn að fara í gegnum allar deildir eins og sagt er og nú er ég aftur kominn á gólfíð. Ég man að þegar Ingi kynnti mig til sögunnar á fyrsta kennarafundinum sem ég sótti hafði hann á orði gamla máltækið "að þangað leita klárarnir sem þeir voru kvaldastir" en það var nú sagt í gríni. Það segir líka nokkuð um breyttan tíðaranda að ég var fyrsti karlmaðurinn sem ráðinn var umsjónarkennari í bekk í Melaskóla í áratug. Konunum var sem sagt farið að fjölga mjög við kennsluna í Melaskóla. Þeim eldri leist sumum ekkert allt of vel á mig. Strák með hár niður á herðar sem var tískan í þá daga. Ég varð síðan umsjónarkennari allt til ársins 1994 en þá varð ég aðstoðarskólastjóri og síðar skólastjóri árin 2007 til 2013.

Fimm ára í fótboltanum

Og þá er komið að KR hlutanum í lífi mínu sem er eins stór og skólahlutinn ef ekki stærri. Nei annars ég legg þá bara að jöfnu. Ég var fimm ára þegar ég fór á fyrstu æfinguna í fótbolta og ég er enn að sprikla með gömlum KR-ingum 58 árum síðar. Fyrir mér var mikið lán að koma í KR. Þar hef ég eignast ótal marga vini og kunningja sem eru manni ómetanlegir. Einnig að kynnst þar mörgum frábærum einstaklingum - mér eldri öndvegis mönnum - sem ég á mikið að þakka. Þar get ég nefnt menn á borð við Einar heitinn Sæmundsson, Svein Jónsson, Kristinn Jónsson, Guðmund Pétursson, Ellert Schram, Örn Steinsen, Gunnar Hjaltalín og Hilmar Björnsson. Fleiri gæti ég nefnt en það yrði of langt mál.

Tún þar sem Einimelurinn er

KR var alltaf stórveldi í Vesturbænum og er það enn þann dag í dag. Ég man að þegar ég var að fara á æfingar var svæðið þar sem Einimelurinn er nú óbyggð. Þarna var búskapur og land-eigandanum var ekkert allt of vel við þessa umferð okkar fótboltastrákanna af Melunum og fengum við stundum skammir fyrir að stytta okkur leið á æfingu yfir túnið hans.



Björn Pétursson.

Fyrsti þjálfari minn í fótboltanum var Gunnar Gunnarsson sem var sölumaður hjá Natan & Olsen. Ég var farinn að spila með meistaraflokknunum 1969 en KR hafði orðið Íslandsmeistari árið áður. Var það síðasti Íslandsmeistaratitillinn í 31 ár því hann vannst ekki aftur fyrr en 1999. Ég rétt missti því af lestinni! Árið 1978 lék ég minn síðasta knattspyrnuleik í meistaraflokki en hélt lengur áfram í handboltanum.

Handboltinn

Ég byrjaði ungur að æfa handbolta í KR og var farinn að spila með meistaraflokki sextán ára gamall 1969. Fjórum árum síðar gekk ég til liðs við handboltalið Gróttu á Seltjarnarnesi og spilaði þar í fjögur ár eða þar til ég fór aftur í KR 1977 og spilaði með meistaraflokknunum til ársins 1982. Á þessum árum var það stórmál að skipta um félag og það voru ekki allir sáttir við þessa ákvörðun mína. Ég sé þó ekki eftir henni og átti góð ár hjá Gróttu.

Það var samt mjög gott að snúa aftur í KR og ég átti mjög góð ár þar í góðum félagsskap.

Gælunafnið

Ég fékk gælunafnið Blöffi á unga aldri. Sigurður heitinn bróðir minn kastaði þessu fram þegar ég var að mig minnir sjö ára og það festist strax við mig og er enn notað af ótalmörgum sem ég hef kynnst í gegnum tíðina hvort sem það er í boltanum eða öðru. Ég nota það aldrei sjálfur og það nemendur mína alltaf að ávarpa mig sem Björn því mér fannst það skapa meiri nálægð. Mér er þó alls ekkert illa við það og það hlýtur að vera vel heppnað því að það var notað í spurningu í fyrstu íslensku útgáfunni af Trivial Pursuit spilinu sem gefið var út fyrir margt löngu.

Fyrstu kennimennirnir

... eftir séra Skúla Ólafsson

Upprisa er okkur einkar hugleikin á páskum. Hún hvílir á þeirri trú að heimurinn sé ekki allur þar sem hann er séður, að enn búi leyndardómar að baki þess sem við þekkjum. Trú á upprisu er vissan sem gerir okkur kleift að hefja höfuð til himins í þeirri fullvissu að lífið hafi tilgang og við þar á meðal. Það er þessi trú sem flytur fjöll og um það á sagan mörg dæmi.

Eitt slíkt finnum við í einni af elstu bókum sem prentaðar voru á Íslandi, þýðingu á predikunar-safni sem Anton nokkur Corvinus ritaði á fyrri hluta sextándu aldar. Corvinuspostilla er hún kölluð og var ætluð prestum sem boðuðu hinn nýja sið. Þar gátu þeir fundið predikun fyrir hvern helgan dag ársins, sem hefur örugglega komið í góðar þarfir! Líklega var það Oddur Gottskálksson sem sneri ritinu yfir á íslensku.

Í predikun Corvinuspostillu á páskum má sjá hvað upprisan getur leitt fólk inn á spennandi slóðir. Þar er fjallað um konurnar sem fyrstar komu að gröfinni, eins og frá því er sagt í pás-kaguðspjallinu. Þær fengu það

hlutverk að boða trúna á hinn upprisna Krist. Það er einmitt hlutverk kirkjunnar og í þessu merkilega riti ályktar höfundurinn að konurnar í guðspjallinu hafi fyrir vikið verið fyrstu kennimennirnir. Í framhaldi skorar hann á hölm þá hugmynd að konur megji ekki predika í kirkjum, rétt eins og karlar.

Klerkar hafa sjálfsagt þulið þessi orð upp í íslenskum kirkjum fyrstu áratuginu eftir siðaskipti, eins og þeim var uppálagt að gera. Má ætla að þá hafi farið kurr um kirkjubekkina og fólk hefur sjálfsagt fussað og sveið. Hverslags vitleysa er það að gera konur að prestum? Og auðvitað kom hrammur vanans í veg fyrir að hugleiðingar þessari skyldu ná lengra en á síður gamallar bókar. Langur tími átti eftir að líða þar til konur tækju vígslu innan kirkjunnar og svo hefur hvert vígið fallið þar sem fylgjendur Jesú Krists hafa risið upp gegn ríkjandi viðhorfum. Vart er við Biblíuna að sakast þótt slíkt hafi tekið langan tíma. Boðskapur hennar er skýr og þau sem láta hrífast af krafti upprisunnar eiga að vera tilbúin að endurskoða hug sinn í hvívetna.

Séra Skúli Ólafsson
sóknarprestur í Neskirkju.

Konurnar sem fóru með allan sinn farangur upp að gröfinni sneru þaðan aftur sem hinir fyrstu kennimenn. Svona verkar trúin óspillt og hrein. Þrátt fyrir alla fordóma sem mannleg samfélög hafa hlaðið ofan á kristindóminn í gegnum aldir og árþúsund þá blasir það við okkur að í krafti upprisunnar er hvert okkar sem miðlar kærleiks-boðskap Biblíunnar að sönnu kennimaður Krists.

Stigahúsateppi

Mikið úrval!

Viðurkennd gæðateppi, slitsterk, ofnæmisprófuð og samþykkt af Mannvirkjastofnun.

Óhreinindavörn sem lengir líftíma teppanna og léttir þrif.

Mælum og gerum tilboð án skuldbindinga og kostnaðar

25 ára reynsla

PARKET & GOLF

Sérverslun með teppi og parket

Ármúli 32, 108 Reykjavík
Sími 568 1888
www.parketoggolf.is

Frumvarp um sölu áfengis í matvöruverslunum:

Forvörnum ógnað

Nú liggur fyrir alþingi frumvarp til breytinga á lögum um verslun með áfengi sem heimilar sölu áfengis í matvöruverslunum. Flutningsmaður og fylgjendur frumvarpsins telja málið vera þjóðþrifamál og mikilvægt framfaraskref sem vert er að eyða tíma þingsins í. Fyrir hverja er þetta mál mikilvægt? Er það ekki skylda stjórnmalamanna að huga að velferð þegnanna á öllum aldri? Er ekki eðlilegt að gera þá kröfu að mál af þessu tagi sé skoðað frá öllum hliðum?

Greinargerð frumvarpsins fjallar aðallega um viðskiptahagsmuni og í kafla um neikvæð áhrif ráðagerðarinnar á neytendur er minnst á möguleika á minnkandi vöruúrvali og mögulega verðhækun á áfengi verði einkaleyfi á sölu áfengis afnumið. Þó kemur fram að aukið aðgengi að áfengi hafi í för með sér aukin áfengis kaup. Ekkert er fjallað um neikvæðar afleiðingar sem stóraukið aðgengi að áfengi hefur á áfengisneyslu og

mögulegar neikvæðar félagslegar afleiðingar. Neikvæðar afleiðingar af því söluþyrirkomulagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir hafa töluvert verið rannsakaðar og vekur það furðu að flutningsmenn virðast ekki hafa kynnt sér þær betur. Rannsóknir frá Bandaríkjunum, Kanada, Nýja Sjálandi, Finnlandi og Svíþjóð sýna stórauðna áfengisneyslu við að heimila matvöruverslunum að selja áfengi að ótöldum þeim fjölmörgu rannsóknnum sem sýna að aukin áfengisneysla hefur neikvæð áhrif á lýðheilsu og eykur heilbrigðisvanda. Því er ekki að undra að Embætti landlæknis hafi þungar áhyggjur af frumvarpinu og telur landlæknir að frumvarpið sé í beinni andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar um að efla lýðheilsu í landinu.

WHO lýsir áhyggjum af afleiðingum frumvarpsins

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) tekur í sama streng og lýsir

þungum áhyggjum af afleiðingum frumvarpsins og bendir á að neysla muni aukast meðal ungs fólks og viðkvæmra einstaklinga. Að breyta þyrirkomulagi á sölu áfengis á Íslandi er líklegt til að hafa viðtæk neikvæð áhrif á velferð þjóðarinnar og þá ekki síst á börn og unglinga. Einnig er óljóst hvernig eftirlit með áfengis kaupaldri yrði háttað í matvöruverslunum og ætla má að það verði ekki eins árangursríkt og hjá vínbúðunum þar sem starfsfólk matvöruverslana er að stórum hluta unglingar undir tvítugu. Áfengi er engin venjuleg neysluvara og því mikilvægt að áfengi verði áfram selt samkvæmt núverandi þyrirkomulagi, sem hefur hamlandi áhrif á aðgengið og um leið neysluna. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna ber stjórnvöldum að hafa það sem er börnum og unglingum fyrir bestu að leiðarljósi og tryggja þeim vernd. Barnasáttmálinn leggur mikla áherslu á að ríkisvaldið geri sitt til að forða börnum frá neyslu áfengis með því að leggja áherslu á forvarnir og reglur. Ísland er eitt þriggja landa í heiminum sem hefur lögfest barnasáttmálann og ætti því að taka skuldbindingar sem í honum felast af alvöru. Með hliðsjón af Bar-



nasáttmálanum er vert að spyrja hvort það sé börnum fyrir bestu að auka aðgengi að áfengi með því að afnema einkaleyfi ÁTVR? Hafa ber í huga að aukin áfengisneysla foreldra og forsjáraðila getur raskað öruggu og barnvænu umhverfi.

Frumvarpið ætti að fara í áhættumat

Frumvarpið ætti í raun að fara í áhættumat áður en það er lagt fyrir.

Við sem vinnum að forvörnum barna og unglinga í Reykjavík viljum vekja athygli á því að frumvarpið fer gegn stefnu Reykjavíkurborgar í forvörnum. Í stefnu Reykjavíkurborgar er það alveg skýrt að forvarnarstarf er aldrei unnið í eitt skipti fyrir öll, heldur þurfa allir sem koma að forvörnum að halda vöku sinni og taka tillit til allra þátta sem geta haft áhrif á liðan og hegðun barna og unglinga. Rannsóknir á áfengisneyslu meðal

íslenskra ungmenna síðast liðin tuttugu ár sýna fram á að við höfum náð mjög góðum árangri og ölvunardrykkja meðal íslenskra ungmenna er mjög lítil miðað við jafnaldra þeirra í Evrópu. Þessi árangur hefur náðst með samstilltu átaki foreldra, stofnana og félagsamtaka, sem vinna með unga fólkinu og takmörkuðu aðgengi að áfengi. Er ekki mikilvægt að gera allt sem í okkar valdi stendur til að viðhalda þessum góða árangri?

Aukið aðhald í Evrópu

Það er sorglegt að á Íslandi komi fram frumvarp um frjálsa verslun með áfengi á sama tíma og áfengispólitík annarra Evrópulanda einkennist af auknu aðhaldi í sölu og aðgengi að áfengi. Áfengissala í matvöruverslunum mun að sjálfsögðu stjórnast af ýtrustu viðskiptasjónarmiðum og má leiða líkur að því að í kjölfarið verði áfengisauglýsingar leyfðar. Markaðsvæðing áfengis, ekki síst gagnvart börnum og unglingum getur haft alvarlegar afleiðingar. Uppeldisleg markmið samfélagsins eins og að standa vörð um æskuna og búa henni uppbyggilega umgjörð og heilbrigðar uppeldisforsendur, er mun mikilvægara viðfangsefni, en áfengissala í matvörubúðum.

Styrkjum alla þá verndandi þætti sem við vitum að draga úr neyslu áfengis. Það mun spara samfélaginu mikla fjármuni sem er hægt að nýta í uppbyggileg verkefni og auka velferð í samfélaginu.

Við skorum á þingmenn að hafna frumvarpinu um frjálsa sölu áfengis á forsendum velferðar þjóðarinnar og lýðheilsu markmiða.

Forvarnafulltrúar
Reykjavíkurborgar



Dymbilvika og páskar í Neskirkju

Laugardagurinn 19. mars

Fermingarmessa kl. 11.00.
Félagar úr kór Neskirkju syngja.
Organisti Steingrímur Þórhallsson.
Prestar Skúli S. Ólafsson og Sigurvin L. Jónsson.

Fermingarmessa kl. 13.30.
Félagar úr kór Neskirkju syngja.
Organisti Steingrímur Þórhallsson.
Prestar Skúli S. Ólafsson og Sigurvin L. Jónsson.

Pálmásunnudagur, 20. mars

Messa og barnastarf kl. 11.00.
Sameiginlegt upphaf.
Kór Neskirkju syngur.
Organisti Steingrímur Þórhallsson.
Sr. Örn Bárður Jónsson kveður söfnuðinn. Söngur, sögur, brúður og gleði í barnastarfinu.
Umsjón Andrea, Katrín, Stefanía og Ari. Samfélag og veitingar á Torginu eftir messu.

Skírdagskvöld, 24. mars

Messa kl. 20.00.
Við lok messunnar verður altarið afskrýtt og á það lagðar fimm rósir sem tákn um sármerki Krists.
Kór Neskirkju syngur.
Organisti Steingrímur Þórhallsson.
Prestur Skúli S. Ólafsson.

Föstudagurinn langi, 25. mars

Guðsþjónusta kl. 11.00.
Kór Neskirkju syngur.
Píslarsagan hugleidd.
Organisti Steingrímur Þórhallsson.
Prestur Sigurvin L. Jónsson.

Páskadagur, 27. mars

Hátíðarmessa kl. 8.00.
Hátíðartón. Kór Neskirkju syngur.
Organisti Steingrímur Þórhallsson.
Prestar Skúli S. Ólafsson og Sigurvin L. Jónsson.
Morgunverður og páskahlátur eftir messu.

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.00.
Organisti Steingrímur Þórhallsson.
Prestur Sigurvin L. Jónsson.
Páskaeggjaleit að lokinni guðsþjónustu.

Annar í páskum, 28. mars

Fermingarmessa kl. 11.
Félagar úr kór Neskirkju syngja.
Organisti Steingrímur Þórhallsson.
Prestar Skúli S. Ólafsson og Sigurvin L. Jónsson.

Sunnudagurinn 3. apríl

Messa og barnastarf kl. 11.00.
Sameiginlegt upphaf.
Kór Neskirkju syngur.
Organisti Steingrímur Þórhallsson.
Prestur Sigurvin L. Jónsson.
Söngur, sögur, brúður og gleði í barnastarfinu. Umsjón Andrea, Katrín, Stefanía og Ari. Samfélag og veitingar á Torginu eftir messu.

Fermingarmessa kl. 13.30.
Félagar úr kór Neskirkju syngja.
Organisti Steingrímur Þórhallsson.
Prestar Skúli S. Ólafsson og Sigurvin L. Jónsson.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Hilmar Erlendsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

ESTUITE

BEI

ALLTAF KLÁR 24/7

Baldur BÓBÓ

895 7199

bf747@internet.is

ÖNNUR ÞJÓNUSTA

- er billinn bílaður, geri við
- smyrja bílinn
- alþrif á bílum
- bifreiðaskoðun

ERU ÞIÐ Á LEIÐ ERLENDIS?

- akstur uppá völl á ykkar bíll.
- Sæki á hreinum og yfirföllum bíll (ekkert geymslugjald)
- Slappið af og fáið ykkur einn kaldan.
- Vanur Diplomata akstri með lífs og líðna

- Jafnframt akstur á minni bifreið, veitingar í boði

Mínir menn eru:

BETRA GRIP

Dekkjaskipti, dekkjasala, smur og minni viðgerðir

STILLING

Allt fyrir bílinn

NESBÓN

Alþrif á bílum

TJÉKKLAND

Bifreiðaskoðun

RAUÐALJÓNÍÐ

Mómmumatur í hádeginu

ÉG VILL OBAMA ÁFRAM.....GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

KR deildarmeistari

KR tryggði sér í deildarmeistaratitlinum í Dominosdeild karla með sigri á ÍR í Seljaskóla, lokatölur 96-69, KR í vil. Þetta er þriðja árið í röð sem KR vinnur deildina, en andstæðingurinn í 8-liða úrslitum er lið Grindavíkur.

KR var búið að tryggja sér titilinn fyrir leikinn, en ÍR sat sem fastast í 10 sæti og hafði í raun að engu að keppa. KR tók þó frumkvæðið strax í byrjun og leiddu með 6 stigum eftir fyrsta leikhluta, 17-23. Eftir góða byrjun í öðrum leikhluta, þar sem KR komst mest í 14 stiga forystu, var jafnræði með liðunum og leiddi KR með 11 stigum í hálfleik. Leiðir skildu alveg í seinni hálfleik og vann KR öruggan sigur sem fyrr segir.

Michael Craion var eins og oft áður atkvæðamestur KR-inga með 32 stig og 9 fráköst. Snorri Hrafnkelsson kom sterkur inn af bekknum og skoraði 12 stig, Darri Hilmarsson bætti við 11 stigum og Björn Kristjánsson 10. Pavel



Deildarmeistaratitlinum fagnað eftir sigur á ÍR.

Ermolinskij er kominn í stöðu leikstjórnanda og skilaði flottum tölum, 8 stigum, 11 fráköstum og 9 stoðsendingum.

KR mætir liði Grindavíkur í 8-liða úrslitum, sem hefjast í DHL-höllinni fimmtudaginn 17. mars kl. 19:15.

Leikur 2 sunnudagur 20. mars

Grindavík-KR kl. 19.15

Leikur 3 miðvikudagur 23. mars KR-Grindavík kl. 19.15

Leikur 4 mánudagur 28. mars – annar í páskum ef þarf Grindavík-KR kl. 19.15

Leikur 5 fimmtudagur 31. mars – ef þarf KR-Grindavík kl. 19.15.

Þorleifur Jón með tvo fullkomna leiki á árinu

KR-ingurinn Þorleifur Jón Hreiðarsson hefur heldur betur verið í stuði í keilunni það sem af er ári.

Á dögunum náði Þorleifur að spila fullkominn leik og fá 300 stig. Fullkominn leikur er tólf fellur í röð.

Það er ekki á hverjum degi sem menn ná að spila fullkominn leik í keilunni en það er að verða algengt hjá Jóni.

Hann náði nefnilega líka að spila fullkominn leik á Reykjavíkurleikunum í janúar. Frábær árangur hjá Þorleifi Jóni.



KR-sigur í sex flokkum

KR-ingar sigruðu í sex flokkum af sjö á fyrri degi Íslandsmóts unglinga í borðtennis, sem fram fór í KR-heimilinu helgina 5. til 6. mars. Íslandsmeistarar KR í einliðaleik eru Þóra Þórisdóttir í telpnaflokki (f. 2003-2004), Sveina Rósa Sigurðardóttir í meyjaflokki (f. 2001-2002) og Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir í flokki ungmenna stúlkna (f. 1995-1997). KR sigraði í öllum aldursflokkum í tvenndarleik.

Ellert Kristján Georgsson og Sveina Rósa Sigurðardóttir í flokki fæddra 2001 og síðar, Breki Þórðarson og Ársól Arnardóttir í flokki fæddra 1998-2000 og Pétur Gunnarsson og Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir í tvenndarkeppni fæddra 1995 til



Ellert og Sveina eftir að Íslandsmeistaratitilinn í tvenndarleik var í höfn.

1997. Laugardaginn 5. mars var keppt til úrslita í tvenndarleik og í einliðaleik í fjórum stúlknaflokkum, en fram að undanúrslitum í einliðaleik í öllum flokkum drengja

sem og táta. Sunnudaginn 6. mars var keppt í tvíliðaleik og til úrslita í einliðaleik í 6 flokkum. KR á leikmenn í undanúrslitum í öllum flokkum í einliðaleik.

Sigríður María framlengir við KR

Knattspyrnukonan Sigríður María Sigurðardóttir hefur skrifaði undir tveggja ára samning við KR.

Hún er uppalin í KR og er það mikið fagnaðarefni að hún velji að vera áfram með félaginu þó mörg önnur félög hafi sýnt henni áhuga. Sigríður María er 19 ára í dag og er það skemmtilegt að hún skrifaði undir þennan samning á afmælisdaginn sinn.



Sigríður María í h. á myndinni.

KR-SÍÐAN



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.



GETRAUNANÚMER KR ER 107



www.kr.is



Rauða Ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ *eda* BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur



Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2



Reykjavíkur Apótek býður upp á allar tegundir lyfja. Mikið og fjölbreytt úrval af heilsulyfjum, bað- og ilmvörum, gjafavörum auk ýmissa annarra góðra kosta.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð.



SKAPINN AUGLÝNGASTOFA

Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur

Afgreiðslutími:
9-18:30 virka daga
10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is